


GRUNNMYND
1 : 100

## BYGGINGALÝSING

ENDURBYGGING GAMALS LEITARMANNAKOFA VIÐ FOSSLÆK.
TIMBUREININGAR FLUTTAR Á STAÐINN OG REISTAR OG SETTAR SAMAN Á STAÐNUM.
GISTIAÐSTAÐA OG BORÐPLÁSS Í SAL ER FYRIR 20 MANNS.
ALLAR KOJUR SMÍÐAÐAR Á STAÐNUM. NEÐRI KOJUR ERU TVÍBREIÐAR EN EFRI KOJUR ERU EINBREIÐAR.
ELDUNARAÐSTAÐA ER Í MIÐJUM SALNUM ÞAR SEM ER GASHELLUBORÐ OG ELDHÚSVASKUR ÁSAMT VATNSKRANA.
VATN RENNUR ÚR FOSSLÆKNUM UM SLÖNGU OG Í ELDHÚSVASK Á SUMRIN EN Á VETURNA ER PUMPAÐ VATNI UPP ÚR BRUNNI MEÐ HANDPUMPU SEM ER STAÐSETT INNI Á SALERNINU.
Í KOFANUM ER VATNSSALERNI OG HANDLAUG. VATN ER FENGIÐ Á SAMA HÁTT Í SALERNISTÆKI OG Í ELDHÚSVASKINN.
UPPHITUN ER MEÐ KAMÍNU SEM STAÐSETT ER Í MIÐJU RÝMINU. Í KRING UM KAMÍNU ERU STÁLPLÖTUR Á GÓLFI OG VEGG. RÖR ÚR KAMÍNU NÆR UPP Í GEGN UM ÞAKIÐ OG ER ÞAÐ EINANGRAÐ Á ÞEIM HLUTA SEM FER Í GEGN UM ÞAK.
Í ANDDYRI ERU SNAGAR Á VEGG FYRIR ÚTIFÖT.
SLÖKKVITÆKI ER VEGGHENGT VIÐ ÚTIHURÐ.
RAFMAGN ER Í KOFANUM EN DÍÓÐULJÓS ERU Á SALERNI FYRIR OFAN VASKINN OG SVO ÞRJÚ LJÓS INN Í SVEFNSKÁLANUM, ÖLL TENGD VIÐ 12V RAFGEYMI.
LOFTRÆSING ER NÁTTÚRULEG UM OPNANLEG FÖG Í GLUGGUM.
EINNIG ERU LOFTOP Á SITT HVORUM GAFLI, MERKT LR Á TEIKNINGU.

## UPPBYGGING:

UNDIR KOFANUM ER ÞJAPPAÐUR MALARPÚÐI ÚR FROSTFRÍU EFNI.
HELLUR ERU UNDIR GÓLFBITUM SEM BURÐARVIRKI ER STILLT UPP / OFAN Á.
ÚTVEGGIR ERU ÚR 48x198mm TIMBURGRIND MEÐ 600 mm MILLIBILI MILLI STOÐA.
AÐ INNAN ER GRINDIN KLÆDD MEÐ NÓTUÐUM PANEL.
AÐ UTAN ER GRINDIN KLÆDD MEÐ KROSSVIÐ, PAPPA OG TAKKADÚK ÁSAMT TORFI OG GRJÓTI. BÁRUJÁRN NÆR UM HÁLFAN METER NIÐUR Á VEGGINA AF ÞAKINU.
AÐ HLUTA TIL ERU ÚTVEGGIR, KVISTVEGGIR, KLÆDDIR MEÐ GAGNVÖRÐU TIMBRI, "EN PA TO".

GLUGGAR ERU HEFÐBUNDNIR TIMBURGLUGGAR MEÐ OPNANLEGUM FÖGUM. ÞAR AF ERU TVEIR GLUGGAR Á SITT HVORUM GAFLI KOFANS ÆTLAÐIR SEM BJÖRGUNAROP, MERKTIR BO Á TEIKNINGU.
UNDIR BJÖRGUNAROPUNUM AÐ INNAN ERU BEKKIR Í 450 mm HÆÐ FRÁ GÓLFI SEM ÆTLAÐIR ERU BÆÐI SEM BEKKIR, BORÐ OG SEM ÞREP UPP Í BJÖRGUNAROPIN.
ÚTIHURÐ ER HEFÐBUNDIN HARÐVIÐAR-TIMBURFULNINGAHURÐ , TIMBURFLEKI Í TIMBURKARMI.

BURÐARVIRKI ÞAKS ER ÚR SAMA EFNI OG VEGGIR, 48x198mm TIMBRI, EINNIG MEÐ 600mm MILLIBILI.
OFAN Á ÞAK ER KLÆTT MEÐ KROSSVIÐ, ÞAKPAPPA, BÁRUJÁRNI, TAKKADÚK OG TORFI. NET ER EINNIG STRENGT YFIR TORFIÐ.

LOFT ER KLÆTT MEÐ OG PANIL EINS OG VEGGIR. VIÐ NEÐRI BRÚN SPERRA FYRIR OFAN KLÆÐNINGU Í LOFTI ER ÁLFILMA/BÓLUPLAST.
LOFTUN Í LOFTI ER UM SÉRSMÍÐAÐAN STOKK SEM LIGGUR Í ALLAR ÁTTIR (KROSS) EFTIR MÆNUM HÚSSINS.

GÓLF ER KLÆTT MEÐ NÓTUÐUM TIMBURBORÐUM.

INNIHURÐ Á SNYRTINGU ER HEFÐBUNDIN TIMBURFULNINGAHURÐ Í TIMBURKARMI.

FYRIR UTAN ÚTIDYRNAR ER TIMBURPALLUR ÚR GAGNVÖRÐU EFNI.

RÉTT VIÐ KOFANN ER NIÐURGRAFINN GÁMUR SEM TYRFT ER YFIR. Á GÁMNUM ER ÚTIHURÐ MEÐ GLERI.
INN Í GÁMNUM ER AÐSTAÐA FYRIR HNAKKAGEYMSLU OG SNAGAR TIL AÐ HENGJA UPP ÚTIGALLA.

RÉTT FRAMAN/SUNNAN VIÐ GÁMINN ER ROTÞRÓIN.

AUSTAN VIÐ GÁMINN OG NIÐUR AÐ FOSSLÆKNUM ER HESTAGERÐI ÞAR SEM HROSSUNUM ER GEFIÐ HEY. LÆKUR RENNUR Í GERÐINU Þ.A. VATN ER ALLTAF TIL STAÐAR FYRIR HROSSIN.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Samþykkt
30 AUG. 2014
Byggingarfulltrúi

**SKÝRINGARTEXTI:**

| | |
|---|---|
| BO | BJÖRGUNAROP |
| HL | HANDLAUG |
| HST | HANDSLÖKKVITÆKI |
| LR | LOFTUNARRIST Í VEGG |
| 0101 | RÝMISNÚMER |
| K:0,00 | HÆÐARKÓTI |
| R | REYKSKYNJARI |




ÚTLIT-SV
1 : 100




ÚTLIT-NA
1 : 100




ÚTLIT-NV
1 : 100




ÚTLIT-SA
1 : 100




SNIÐ A-A
1 : 100




SNIÐ B-B
1 : 100




SNIÐ C-C
1 : 100




SNIÐ D-D
1 : 100

| 1 | ÚTG 1 | 29.08.2014 | ÞH | GM |
|---|---|---|---|---|
| Útg. | Skýring / Breyting. | Dags. | Teiknað | Yfirfarið |

HRUNAMANNAHREPPUR
VERKKAUPI / EIGANDI

**FJALLASKÁLI - ENDURBYGGING**
TEGUND VERKS

FOSSLÆKUR, HRUNAMANNAAFRÉTTI
GATA/STAÐSETNING

**AÐALUPPDRÁTTUR**
GRUNNMYND, SNIÐ OG ÚTLIT

| | |
|---|---|
| LANDNÚMER: | 00000 |
| STAÐGR.: | XXXX-X-XXXXXXXX |
| MHL: | 01 |
| MKV.: | 1:100 |
| BLAÐSTÆRÐ: | A2 |
| ÚTGÁFA DAGS: | 29.08.2014 |
| TEIKNAÐ: | ÞH |
| YFIRFARIÐ: | GM |

**1405** — VERKNR.
**302 - 1** — RAÐNR. ÚTGÁFA

**Þórdís Halldórsdóttir BFÍ**
kt: 240577-3569
gsm: 862 5889 | thordis@gmail.com

ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR AÐ HLUTA EÐA Í HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA